



Alþingi

Nefndasvið

Austurstræti 8-12

150 Reykjavík

Garði 9.nóvember 2018

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á [lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna \(hlutverk umboðsmanns barna, ráðgjafarhópur barna og barnaþing\)](#).**

Þingskjal 156

156 mál

Landssamband eldri borgara mælir með samþykkt frumvarpsins.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir auknu fjármagni til að styrkja enn frekar stöðu barna í íslensku samfélagi. Það er mjög til bóta. Samkvæmt fréttum er staða margra barna mjög erfið í þjóðfélaginu nú á dögum, þannig að það er stórt skref í framfaraátt að taka þessi mál nú föstum tökum. Aukið fjármagn til málaflokksins mun skila sér margfalt þegar til framtíðar er litið.

Í frumvarpinu er tekið fram að gert er ráð fyrir þátttöku barna um öll má sem þau varða. Þetta er mjög mikið atriði og til mikilla bóta.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að erindi sem berast frá börnum skulu sæta forgangsmeðferð. Þetta er mjög mikilvægt að börnin sjálf geti sent inn erindi.

Í frumvarpinu er það nýmæli að þing um málefni barna sé haldið á tveggja ára fresti. Það mun gefa málefnum barna aukna þyngd í samfélaginu.

Með vinsemd og virðingu

Sigurður Jónsson

Varaformaður LEB

